

GLG-2017-06 Veðrið

Umsækjandi er Grímseyjarskóli. Síðastliðinn vetur hófu skólarnir í Hrísey og Grímsey samstarf sem gafst mjög vel. Þetta verkefni er hugsað til þess að efla samstarf skólanna enn frekar.

Verkefnið er tengt veðri og snýst um að setja upp veðurstöðvar í báðum eyjum og láta nemendur „taka veðrið“ daglega og skrá. Nemendur skrá þá veður daglega í báðum eyjunum og vinna með samanburð á milli staða, auk þess að setja upplýsingar á heimasíður eyjanna. Markmið verkefnisins er að tengja saman nemendur og starfsfólk eyjaskólanna, vinna sameiginleg verkefni, heimsækja og styðja við hvort annað. Afraksturinn verða veðurupplýsingar á heimasíðum eyjanna, sterkari tengsl og meiri samvinna.

Sótt er um styrk fyrir veðurstöð í Grímsey, ferðakostnaði og uppihaldi nemenda og kennara í heimsókn að upphæð kr. 360.000. Verkefnið fellur mjög vel að þeim markmiðum Byggðaðróunarverkefnisins sem lúta að eflingu skólstarfs og samvinnu við aðra skóla.

Verkefninu var úthlutað 350.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2017.